

Fréttatilkynning 17. desember 2010

Náttúrufræðistofnun Íslands tekur til starfa í Urriðaholti í Garðabæ

Náttúrufræðistofnunar Íslands opnar formlega í nýjum heimkynnum í Urriðaholti í Garðabæ í dag. Nýja húsið er sérstaklega hannað fyrir starfsemi stofnunarinnar.

Jón Gunnar Ottósson, forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands, segir hin nýju heimkynni í Urriðaholti mikið framfaraspor, ekki síst þegar kemur að öruggri varðveislu verðmætra náttúrusýna og aðgengi að þeim til rannsókna.

Með hliðsjón af eðli starfseminnar var mikil áhersla lögð á að hönnun hússins grundvallaðist á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Að frumkvæði Svandísar Svavarsdóttur umhverfisráðherra var ákveðið að fá húsið umhverfisvottað miðað við BREEAM, sem er evrópskt vottunarferli fyrir vistvænar byggingar.

Við opnunina taka til máls, auk forstjóra Náttúrufræðistofnunar, Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra, Gunnar Einarsson bæjarstjóri í Garðabæ, Eyþór Einarsson elsti starfsmaður Náttúrufræðistofnunar og Ólafur Helgi Ólafsson stjórnarformaður Náttúrufræðihúss ehf.

Áformað er að hafa opið hús hjá Náttúrufræðistofnun snemma á næsta ári.

Gjörbreytt starfsumhverfi

„Hlutverk Náttúrufræðistofnunar í íslensku þjóðfélagi er mjög þýðingarmikið og fer vaxandi og nú er stofnunin enn betur í stakk búin til að sinna því hlutverki sem henni er ætlað.

Nýtt húsnæði Náttúrufræðistofnunar Íslands í Urriðaholti gjörbreytir öllu starfsumhverfi stofnunarinnar og bætir mjög aðstöðu til rannsókna, fræðslu og varðveislu gripa. Helsta breytingin er sú að umfangsmikil og verðmæt gripasöfn stofnunarinnar komast loks í viðunandi húsnæði. Safnaskálar bjóða upp á fullkomnustu aðstöðu fyrir varðveislu gripa og uppfylla strangar öryggiskröfur þar sem brunavarnir eru fyrsta flokks ásamt nákvæmu eftirliti með loftræstingu, hita og raka.

Í fyrsta skipti verður hægt að veita vísindamönnum og nemendum aðgang að söfnum til rannsókna. Einnig er þetta í fyrsta skipti í rúmlega 120 ára sögu stofnunarinnar sem hún getur boðið starfsfólki sínu upp á frambærilegar rannsóknarstofur,“ segir Jón Gunnar Ottósson forstjóri Náttúrufræðistofnunar.

Glerhjúpur gegnir mikilvægu hlutverki

Bygging húss Náttúrufræðistofnunar hófst í október 2009. Arkís hannaði húsið og Ístak var aðalverktaki við bygginguna.

Húsið er sérstaklega sniðið utan um starfsemi Náttúrufræðistofnunar. Það er 3.500 fermetrar að stærð og nýjustu tækni er beitt til að tryggja varðveislu náttúrugripa, sem margir eru mjög verðmætir og sjaldgæfir.

Glerhjúpur setur sterkan svip á bygginguna og er helsta einkenni hennar. Auk þess myndar hann veðurhlíf um bygginguna og tryggir betur virkni náttúrulegrar loftræstingar, jafnvel í verstu veðrum.

Tveir meginstigjar á milli allra hæða eru í byggingunni. Þau rými mynda eins konar gjá með brúm á milli innri rýma og leggja einnig áherslu á þrískipt form hússins.

Vottun og viðurkenningar

Hús Náttúrufræðistofnunar er eitt af fyrstu húsum hér á landi til að fá alþjóðlegu BREEAM umhverfisvottunina. Vottunin tekur til þeirra þátta byggingarinnar sem lágmarka neikvæð umhverfisáhrif hennar og stuðla að sjálfbærni. Rammaskipulag Urriðaholts fékk árið 2007 verðlaun fyrir áherslu á lífsgæði í borgarskipulagi, frá Alþjóðasamtökunum LivCom, sem njóta stuðnings UNEP, Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna.

Upplifun í anddyrinu

Í anddyri húss Náttúrufræðistofnunar geta gestir og gangandi notið vídeolistaverka sem tengjast íslenskri náttúru. Í gólf anddyrisins hefur verið fellt listaverkið LÆGÐ, sem er spírall úr messing og tákmynd fyrir lægðakerfin sem móta náttúru landsins. Spírallinn skírskotar einnig almennt til tengsla náttúru og vísinda, enda er þetta form víða að finna í náttúrunni.

Urriðaholt

Skipulag í Urriðaholti í Garðabæ er blanda af verslunum og þjónustu í Kaupúni, íbúðabyggð í sunnanverðu holtinu og atvinnuhúsnæði að norðanverðu, auk menningar- og samfélagsþjónustu á háholtinu. Hús Náttúrufræðistofnunar Íslands er fyrsti vísir að uppbyggingu fjölbreyttrar skrifstofu- og þjónustustarfsemi í Urriðaholti.

Umhverfið í holtinu er einstakt. Mikil nálægð er við náttúruna, þar er fallegt útsýni, náttúruleg umgjörð, einstök staðsetning og gott aðgengi að meginumferðaræðum höfuðborgarsvæðisins.

Náttúrufræðistofnun Íslands

Náttúrufræðistofnun á rætur að rekja til ársins 1889, þegar Hið íslenska náttúrufræðifélag var stofnað. Á Náttúrufræðistofnun Íslands í Garðabæ og á Akureyri starfa rúmlega 50 manns við margvíslegar rannsóknir og vöktun á náttúru landsins. Þá sinnir stofnunin ráðgjöf um landnotkun og nýtingu náttúruauðlinda sem og fræðslu til skóla og almennings.

Akureyrarsetur Náttúrufræðistofnunar er staðsett í rannsókn- og nýsköpunarhúsi sem stendur við Sólborg. Öll aðstaða þar er til fyrirmyndar, t.d. er öll rannsóknaraðstaða mjög góð og þar eru sérhæfðar rannsóknarstofur í grasafræði, sameindalíffræði, dýrafræði og jarðfræði.